„Spennandi og afhjúpandi, óhugnanleg og mjög óvænt í lokin.“
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA

„Klárlega besta bókin hans Árna hingað til.“
KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR, MIÐJAN

Það er ekki margt líkt með fátækum bréfbera norðan heiða og auðmanni með milljarðaskuldir á bakinu. Örlög beggja fléttast þó saman við leit Einars blaðamanns að réttlæti ekki síður en forsíðufréttum.

Sjaldan hefur hann tekist á við jafn erfitt sakamál. Ekkert er eins og áður var. Nema kannski það að eins dauði er annars brauð. *Morgunengill* er grípandi sakamálasaga úr íslenskum samtíma, áleitin og nístandi saga um glatað sakleysi, þörfina fyrir friðþægingu og sátt við eigin uppruna.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



1

Miðvikudagsmorgunn snemma í janúar

Ég er of seinn. Ef tíminn er aðferð náttúrunnar til að koma í veg fyrir að allt gerist í einu virkar hún ekki nógu vel. Tíminn var of naumur. Kannski var það spurning um sekúndur, kannski mínútur. Samkvæmt tímaröðinni er ég of seinn.

Þegar ég rölti í rólegheitum frá raðhúsinu mínu í Hlíðahverfi finnst mér eins og ég hafi nægan tíma. Strókurinn stendur upp af mér í frostinu og stillunni yfir Akureyri. Hann er órækur vitnisburður um að ég dreg andann, með svifryki og allegrejer. Fæturnir láta að stjórn og bera mig áfram, hægt en bítandi, áleiðis að starfsstöðinni við Ráðhústorgið. Allt er enn á plani og í samræmi við þá hljóðu ósk sem ég bar upp og fyrirheitin sem ég gaf sjálfum mér þegar ég hoppaði með Gunnsu inn í nýja árið á miðnætti gamlárskvölds. Gömlu hjónin treystu sér ekki, enda ekki farsæl byrjun á framtíðinni að príla upp á stól og brotlenda á stökkum beinum. Þá er betra að hrökkva en stökkva.

Ef maður trúir nógu sterkt má ímynda sér að Súlur, Kerling, Hlíðarfjall, Vaðlaheiði, fjallahringurinn sem umkringir Eyjafjörðinn, Pollinn og Akureyri, séu varðtröll sem skýla bænum, verndarenglar af náttúrunnar hendi. En í morgunskímu þessara fyrstu daga ársins er fátt sem eflir þá trú nema trúin sjálf.

Götuluktirnar ná með naumindum að varpa fölri birtu á sitt nánasta umhverfi, fjölbýlishúsin, vöruhúsin, verksmiðjurnar, skrifstofubyggingarnar. Gönguleiðin eftir Skarðshlíð-

inni, yfir brúna inn á Glerárgötu, er ekki sú fallegasta í fallegum höfuðstað Norðurlands. En hún verður að duga mér til þess ætlunarverks að byggja mig upp til framtíðar, gera það sem sérfræðingarnir segja okkur að gera: Að leita hins jákvæða í hinu neikvæða, berjast til sigurs í ósigri, sjá tækifæri í ógöngunum og birtu handan við svartnættið. Og svo framvegis. Yfirleitt er ég lélegur í sjálfsblekkingu án áfengis og hef ekki hugmynd um hvers vegna fánýtið er mér núna algjörlega fullnægjandi.

Með slíkar vangaveltur í morgunsárið er ég léttur í spori. Á mótum Glerárgötu og Eyrarvegs mæti ég eldri konu sem er ekki í sama skapi. Hún bölvar og ragnar með sjálfri sér. Ég læt það ekki trufla mig og legg af stað yfir götuna.

„Heyrðu, þú þarna," kallar hún þá á eftir mér. „Ert þú ekki á Síðdegisblaðinu?"

Og ég sem hélt að ég væri ekki þekkt andlit. „Ha, jú," tauta ég og hugsa myndbirtingarstefnu blaðsins þegjandi þörfina.

Hún bendir mér að snúa við. Ég þarf ekki að hlýða en geri það samt.

„Þetta er auðvitað óþolandi," segir hún og heldur á veskinu sínu eins og vopni fyrir þykkri svartri kápu. „Þetta er fyrir löngu orðið óþolandi."

„Sjálfsagt er það rétt hjá þér. Eitthvað sérstakt sem þú hefur í huga?"

Hún stendur á götuhorninu, lágvaxin, fínleg og gráhærð undir rauðri prjónahúfu. „Allt er á sömu bókina lært."

„Hm."

„Já, mér finnst að þið eigið að vekja athygli á þessu. Þú átt að skrifa um þetta helvíti."

„Ja, það kæmi til álita ef ég vissi hvað það væri."

Konan virðist átta sig. „Fyrirgefðu. Ég var bara að labba

hérna að heiman frá mér.“ Hún bendir hanskaklæddri hendi að gamla hverfinu á Oddeyrinni. „Er á leiðinni til dóttur minnar að líta eftir barnabarninu.“ Nú bendir hún í átt að íbúðablokkum í Hlíðunum.

Ég tvístíg í kuldanum og nudda saman berum lófum.

„Og þá bara geng ég fram á póstburðarkerru á miðri stétt, eina og yfirgefna.“

„Nú?“

„Já, hún lá þarna á hliðinni og pósturinn út um allt. Og enginn bréfberi og ekki neitt.“

„Það var þá skrýtið,“ segi ég.

„Skrýtið?“ hváir hún. „Nei, það er ekkert skrýtið. Það er bara hneyksli. Enn eitt helvítis hneykslið. Þessi andskotans einkavæðing.“ Hún virðir mig fyrir sér. „Þú manst kannski ekki eftir þeim tíma þegar við höfðum alvöru póstþjónustu?“

„Ég man vel eftir ríkisfyrirtækinu Pósti og síma. Og ég man að ekki voru nú allir ánægðir með það.“

Konan yppir öxlum. „Það má svosem vel vera. En ekki skánaði það við einkavinavæðinguna. Þvílíkur þjófnaður á eignum okkar. Allt afhent vildarvinum stjórnmálamannanna fyrir slikk. Þeir hafa eyðilagt þjónustuna, lokað pósthúsum á landsbyggðinni, hækkað verðið, hirt gróðann og hent í okkur tapinu og sukkinu. Bankarnir, Síminn og …“

Ég finn óþolinmæðina vaxa. Þetta er orðin slitin umræða. „Ja, ekki Íslandspóstur. Hann er enn í opinberri eigu, þótt honum hafi verið breytt í hlutafélag.“

„Það er þá bara vegna þess að einkavinirnir geta ekki grætt nógu mikið á honum. Þá er allt í lagi að láta okkur öll borga. Þegar allt er í hassi og allt er í steik, eins og barnabarnið segir.“ Hún hristir höfuðið. „Þegar allt hefur hrunið sem

hrunið getur, finnst þessum andskotum í fínu lagi að skilja okkur eftir í rústunum.“

„Verðum við þá ekki að reyna að láta okkur líða vel þar?“ segi ég og býst til að halda áfram ferð minni yfir götuna.

„Ja, ef við sætum ekki áfram uppi með íslenska stjórnmálamenn, íslenska bankamenn, íslenska embættismenn, íslenska bissnissmenn, íslenska verkalýðsforingja …“

„Eða Íslendinga yfirleitt?“

„Hvar er réttlætiskennd þín, ungi maður?“ spyr konan snúðug, bíður ekki eftir svari og strunsar burt.

Skyldi bréfberinn hafa gefist upp á að hrella fólk með gluggapósti? Ætli hann hafi ákveðið að mótmæla þjóðfélagsástandinu með því að skilja alla dauðadómana eftir á víðavangi? Er aðgerðin til marks um uppgjöf eða réttlætiskröfu?

Hvor ástæðan sem er nægir til þess að ég fæ ekki staðist brýningu frúarinnar og rölti inn Eyrarveginn í átt að Tanganum. Trúlega hefði minn gamli lífsneisti, forvitnin, dugað.

Fótgangandi vegfarendur eru fáir, ef nokkrir. Einn og einn bíll skýst út úr hliðargötunum sem liggja niður að Pollinum. Ljóskeilurnar kasta snöggri birtu á þetta sérstæða hverfi þar sem hið fátæklega og ríkmannlega skiptist á í steinhúsum og timburhúsum, sumum frá því fyrir aldamótin 1900, skúrum, sundum og görðum. Mestri reisn nær það í híbýlum gamla útgerðaraðalsins og kaupmannanna og fyrrum bækistöðvum Gránufélagsins við Strandgötuna. Ég velti því fyrir mér hvernig andstæðurnar mætast þarna á Eyrinni, þær sem mótuðu samfélagið og móta það enn, samfélag þeirra útvöldu og hinna sem þeir völdu. Þá kem ég auga á rauðu póstburðarkerruna. Rétt eins og frúin lýsti er hún á hliðinni á miðri gangstétt. Hrúga af pósti er fyrir framan hana og hefur líklega

hrokkið út úr henni þegar hún valt. Ég svipast um. Hér er enginn í augsýn. Ljós loga í örfáum gluggum húsanna í kring. Daufur niður berst frá bílaumferð í fjarska. Einhvers staðar niðri við sjóinn hlæja mávar.

Hvað skal gera? hugsa ég, krýp niður og byrja að safna saman póstinum, sendibréfum, rukkunum, hótunum frá hinu opinbera og bönkunum, blöðum, tímaritum, bæklingum. Ekki get ég látið þetta liggja hér. Sem betur fer er logn. Sendingarnar hafa ekki fokið út í veður og vind.

Ég sópa haugnum ofan í pokann, sem ber merki fyrirtækisins, straumlínuhannaðan póstlúður og slagorðið *Allur pakkinn*. Svo reisi ég kerruna við. Skyldi einhverju hafa verið stolið? Er hér um skipulagðan þjófnað að ræða á sérvöldum útburði? Og allt hitt látið eiga sig?

Ég tek gemsann úr úlpuvasanum, hringi í 118 og bið um Íslandspóst á Akureyri. Ég fæ samband við flokkunar- og útburðarmiðstöðina við Norðurtanga.

„Góðan daginn. Einar heiti ég. Ég vildi tilkynna um póst í reiðileysi."

Karlmaðurinn, sem verður fyrir svörum, spyr hvað ég eigi við. Ég útskýri það og gef upp staðsetninguna. Hann er auðheyranlega undrandi og biður mig að lesa fyrir sig nokkur heimilisföng á póstinum. Ég geri það. Hann hummar.

„Hver er bréfberinn á þessu svæði?" spyr ég. „Og hvar er hann?"

„Það er nú það," er svarið. „Við munum kanna málið og sendum bíl strax. Gætirðu nokkuð beðið þarna þangað til hann kemur?"

Ég lofa því og kveiki mér í sígarettu. Áður en ég veit af er rauður og gulur sendibíll mættur á staðinn með tveimur starfsmönnum, sem klæddir eru eins og póstburðarpokar. Þá

virðist mínu hlutverki í þessu ævintýri um litlu, rauðu póstburðarkerruna lokið og ég rölti aftur af stað Norðurgötu gegnum Eyrarhverfið í áttina að Strandgötu.

En mínu hlutverki er ekki lokið. Ég er að spá í hvers konar saga leynist bak við þetta ævintýri og hvort ég eigi að skrifa einhvers konar frétt um „hneykslið“, eins og frúin kallaði það, þegar ég heyri óljós hljóð berast úr sundi milli tveggja húsa. Þau minna fyrst á einhvers konar ýl, jafnvel ýlfur úr kvöldu dýri. En þegar ég feta mig nær umbreytast þau í stunur og hálfkæfð óp úr mannsbarka.

Fyrir neðan niðurníddan skúr í sundinu liggur hrúgald í rauðri póstberapeysu og svörtum gallabuxum. Hrúgaldið reynist vera kona um þrítugt. Grár prjónatrefill er hertur um hálsinn. Hún kreppir báðar hendur um trefilinn en virðist of máttvana til að losa hann. Andlitið er blátt og náhvítt. Skelfingu lostin augun stefna út úr tóttunum. Munnurinn er afskræmdur, tungan bólgin og stjörf. Hún berst við að ná súrefni. Ég krýp snarlega hjá henni og sé þá að trefillinn er bundinn í rammgerðan hnút. Þessi kona er að gefa upp öndina. Hnúturinn er svo þéttur og samsettur að ég get hreinlega ekki leyst hann. Hann minnir mig á bindishnút sem hertur hefur verið af miklu afli til hins ýtrasta og svo bundinn rembihnútur ofan á hann, ef ekki tveir. Kuldinn hjálpar mér ekki við verkið. Konan berst skyndilega um á hæl og hnakka. Það hryglir í henni. Ég svipast um og sé nokkur glerbrot á víð og dreif. Ég gríp eitt þeirra og fer að saxa gegnum trefilinn framhjá hnútnum eins hratt og ég get en reyni um leið að gæta þess að glerið skeri hana ekki á háls. Loksins kemst ég í gegn og risti prjónaverkið í sundur. Hún sýpur hveljur þegar öndunarvegurinn opnast. Brjóstkassinn gengur ört upp og niður, en síðan hægir hann á sér.

Mér er ekki ljóst hvað ég á að gera næst. Enginn er sjáanlegur í grenndinni. Enn heyri ég þetta ýl sem fyrst vakti athygli mína. Ég seilist í gemsann og hringi í Neyðarlínuna. Á meðan ég veiti nauðsynlegustu upplýsingar horfi ég á konuna stynja upp nokkrum sundurslitnum orðum. Hún hljómar einkennilega, en mér heyrist hún hvísla:

„Hann … talaði við mig … án þess að tala við mig. Hann … talaði við mig … úr annarri … átt."

Svo lokar hún augunum og virðist líða út af.

Gleði hennar var fölskvalaus. Pabbi ók henni í skólann. Það var ekki venja, nánast undantekning. En hún lét gleðina ekki uppi, heldur brosti innra með sér. Hún leit á föður sinn, þar sem hann sat þungbúinn og þögull við stýrið. Hún tók eftir því að hnúarnir voru hvítir. Hún lagði vinstri höndina á hægri handlegg hans, svo létt að hún hélt að hann tæki ekki eftir því. En hann leit á hana snöggt og brosti dauft og líklega annars hugar. Þegar blái jeppinn renndi upp að skólalóðinni losaði hún öryggisbeltið, kyssti hann á kinnina og steig út. Um leið fann hún hvernig gleðin vék fyrir kunnuglegum kvíða.

„Hún lést á leiðinni á Fjórðungssjúkrahúsið," segir yfirlögregluþjónninn á Akureyri. „Því miður."

Ég held símtólinu við eyrað og stari út um gluggann á skrifstofukompunni minni. Mér finnst sprunginn gaflinn á næsta húsi glotta við mér.

„En … en … en, Óligísli, ég gerði allt sem ég gat."

„Já, farðu nú ekki að ásaka sjálfan þig."

„Ég var bara of seinn."

„Heyrðu, Einar, þú varst ekki á leiðinni á stefnumót við hana. Andlát þessarar konu er ekki á þína ábyrgð."

„En hvað …?"

„Hún bara fjaraði út í sjúkrabílnum. Menn reyndu og reyndu að ná henni í gang aftur en það tókst ekki. Hins vegar …“ Hann þagnar.

„Hins vegar hvað?“

„Hins vegar er sakamálarannsókn hafin. Það er nánast útilokað að hún hafi sjálf hnýtt þennan hnút á trefilinn. Það bara gengur ekki upp. Fleira bendir reyndar til að hún hafi orðið fyrir árás.“

Ég stend á fætur. „Ertu að tala um morð?“

„Rólegur. Rannsókn var að hefjast. Krufning tekur tíma. Ég er hér enn á vettvangi, en fer að leggja í hann á stöðina. Líttu við hjá mér. Þú þarft að gefa formlega skýrslu, þó ekki væri annað.“

Ég snarast í úlpuna, sting sígarettum og kveikjara í vasann og geng fram í afgreiðslu. Þar standa Ásbjörn og Jóa á hljóðskrafi.

„Jóa mín,“ segi ég. „Þú þarft að skreppa upp í Norðurgötu strax og smella þar myndum af lögreglunni að rannsaka vettvang. Og ef þú vildir vera svo elskuleg að skutla mér á stöðina í leiðinni. Ég er bíllaus af heilsuræktarástæðum.“

Þegar ég hef sagt þeim frá gangi málsins og minni aðkomu að því spyr útibússtjórinn á Akureyri: „Tókstu mynd?“

„Tók ég mynd hvað?“

„Nú, af konunni. Á vettvangi. Ég meina, þú varst þarna. Þú fannst hana.“

„Ég var ekki með myndavél.“

Hann gefst ekki upp. „Gastu þá ekki að minnsta kosti smellt mynd með gemsanum?“

Spennan í mér magnast upp. „Heyrðu, Ásbjörn. Ég notaði gemsann til að hringja í Neyðarlínuna. Ég var ekki að hugsa

um að stilla konunni upp fyrir myndatöku. Ég var að reyna að hjálpa henni.“ Svo tauta ég ofan í bringuna: „Tókst svona fjandi vel.“

Ásbjörn nuddar bumbunni utan í afgreiðsluborðið. „Nú, ókei. Ókei.“

„Hvers vegna ertu farinn að tala eins og Trausti Löve, loksins þegar við erum laus við hann?“

Hann fórnar höndum í uppgjöf.

Jóa kímir, labbar inn í ljósmyndaraherbergið og snýr aftur með græjurnar.

„Finnst þér í alvöru að ég hafi brugðist starfsskyldum mínum?“ segi ég hvasst við Ásbjörn.

Hann nuddar búlduleitt andlitið. „Ha, neinei. Það eru svo margar skyldur. Svo andskoti margar skyldur.“ Hann lítur á mig brosandi og fer létt með að herma eftir Sylvester Stallone: „Ya gotta do what ya gotta do.“

Það er ys og þys á lögreglustöðinni við Þórunnarstræti. Þrír útúrdópaðir unglingar eru með uppsteyt við lögreglumenn í anddyrinu. Fjórar fullorðnar manneskjur, líklega foreldrar, taka málstað ungmennanna og húðskamma lögreglumennina.

„Þið eruð bara búllís,“ hreytir kona út úr sér. „Maður sá þetta svosem í búsáhaldabyltingunni.“

Ég er orðinn nokkuð heimavanur í þessum húsakynnum og fæ að rölta óáreittur að skrifstofu Ólafs Gísla Kristjánssonar. Hann stendur í gættinni og gnæfir yfir lögreglukonu sem ég kannast við og kinka kolli til. Yfirlögregluþjónninn segir mér að fara með henni, gefa skýrslu og koma svo til baka. Allt þetta geri ég samviskusamlega.

Ólafur Gísli er við tölvuna og horfir einbeittur yfir breið

gleraugun þegar ég sest gegnt honum. „Æ," segir hann, hallar sér aftur í stólnum og strýkur krúnurakaðan skallann. „Þetta er allt svo einkennilegt."

„Er eitthvað að skýrast hvað gerðist? Hvað kom fyrir konuna?"

„Ja, það er ekki til birtingar, en við frumrannsókn á ummerkjum virðist sem hún hafi verið að reyna að krafla sig að húsinu, en ekki náð lengra en að skúrnum."

„Sagði hún eitthvað í sjúkrabílnum áður en hún dó? Eitthvað meira en hún stundi upp við mig?"

Hann skýtur fram hökunni. „Nei. Hún komst aldrei til meðvitundar. Og þetta sem hún sagði við þig …"

„Hann … talaði við mig … án þess að tala við mig. Hann … talaði við mig … úr annarri … átt."

„Já. Ertu viss um að þú hafir heyrt rétt?"

„Ég get ekki verið hundrað prósent viss. En svona hljómaði þetta í mín eyru. Röddin var ógreinileg og hljómaði dálítið furðulega."

„Ja, þetta eru furðuleg orð í sjálfu sér. Hvern þremilinn þýðir þetta eiginlega?"

Skarpleitt andlit Ólafs Gísla er alvörugefið og hugsi. Við þegjum saman um stund.

„Þarf ég nokkuð að nefna það?" spyr hann svo.

„Hvað? Að það þjóni ekki rannsóknarhagsmunum að ég vitni til þessara orða í fréttinni? Nei, þú þarft ekki að nefna það."

Hann brosir. „Þú ert farinn að slípast í þessu, Einar."

„Þú meinar að ég sé farinn að taka meira tillit til rannsóknarhagsmuna en fréttahagsmuna?"

Brosið breikkar svo bilið milli framtannanna nýtur sín.

„Ja, ekki vil ég torvelda að morðinginn finnist, ofan á allt annað," segi ég. „En var hún sumsé kyrkt með eigin trefli?"

„Of snemmt. Og ef trefillinn var morðvopn gæti hann tilheyrt morðingjanum."

„Hvað heitir konan? Hét, meina ég."

„Hún hét Agla Sigríður Bernharðsdóttir og var þrjátíu og tveggja ára. Þér er óhætt að birta nafnið í blaðinu á morgun. Við höfum talað við helstu aðstandendur. Það reyndist hvorki flókið né tímafrekt. Ein gömul móðursystir, farlama á elliheimili fyrir sunnan. Foreldrar hennar eru látnir fyrir meira en áratug."

„Hafa fundist einhverjar vísbendingar á vettvangi? Heldurðu að málið snúist um þjófnað á einhverju sem hún var með í kerrunni? Sumsé póstrán sem fór úrskeiðis?"

„Allt of snemmt að vera með getgátur um slíkt. En við fundum á gangstéttinni fyrir neðan skúrinn svokallaðan iPod, sem er nú til rannsóknar."

„Nújá? Hvað var á honum?"

„Bara einhver slagari á ensku. Ég þekki hann ekki." Aftur brosir hann. „Ég er meira fyrir þetta íslenska. Þetta gamla og góða."

„Bara eitt lag? Yfirleitt er fólk með haug af músík á þessum græjum."

„Já, mér skilst það. En við munum kanna tækið betur."

„Það er eitt," segi ég, „sem hefur verið að vefjast fyrir mér. Það fyrsta sem vakti athygli mína var einhvers konar ýl eða suð. Og þótt ég væri að einbeita mér að konunni fannst mér hljóðið vera til staðar allan tímann sem ég var þarna."

Hann hallar sér fram á skrifborðið. „Það er vegna þess að hljóðið var þarna allan tímann."

„Ætlarðu nokkuð að segja mér hvað það var?“

„Jú, ætli það ekki bara. Þetta ýl kom úr heyrnartæki Öglu Sigríðar, sem hún hefur misst eða það dottið úr eyrunum af einhverjum ástæðum. Það lá þarna rétt hjá, milli gangstéttarinnar og skúrsins, og vældi og ýlfraði.“

„Heyrnartæki?“

„Ójá. Og þess vegna er spurningin ekki hvaða lag er á iPodinum. Heitir þetta dót ekki tónhlaða á íslensku?“

„Ha, jú,“ hvái ég undrandi. „Hver er þá spurningin?“

„Vesalings konan var heyrnarlaus. Að minnsta kosti alvarlega heyrnarskert. Spurningin er hver á tónhlöðuna.“

2

Miðvikudagur síðdegis

Dauðinn er það sem gerist þegar maður er upptekinn við aðrar fyrirætlanir. Á einum morgni í ársbyrjun hafa öll mín góðu áform vikið fyrir útúrsnúningi á John Lennon.

Ég er byrjaður að smíða grind að frétt um bréfberamálið þegar klingir í gemsanum. Þar er komið sms frá Gunnsu: *Verdurdu i baenum lauky?* Um það hafði ég ekki haft áform. En það birtir yfir mér við spurninguna frá dóttur minni. Ætlar þessi elska að bjóða pabba sínum upp á dægrastyttingu suður í Reykjavík?

Mér leiðast sms-samskipti. Af hverju hringir hún ekki frekar í mig?

„Af hverju hringirðu ekki frekar í mig?“ er því spurningin þegar ég hringi sjálfur til baka. „Mér finnst skemmtilegra að heyra í þér röddina en lesa sms og þá gætirðu spurt mig hreint út hvort ég verði í bænum á laugardagskvöldið í stað þess að ég reyni að stauta mig í gegnum *laukv.*“

„Miklu ódýrara að senda sms,“ svarar Gunnsa. Ég heyri að hún er stödd í fjölmenni. „Svo var ég líka í tíma og gat ekki hringt. Er að fara í annan eftir nokkrar mínútur. Verðurðu í bænum?“

„Tja, ég hafði nú engin plön um það, en gæti alveg …“

„Megum við Raggi þá halda partí heima hjá þér?“

Ég vona að hún heyri ekki vonbrigðin þegar ég andvarpa. „Aaa …“

„Það verða bara nokkrir krakkar úr bekknum. Raggi talaði við Rúnu en hún er sjálf að halda matarboð með gaurnum. Og mamma þorði ekki annað en spyrja sinn hálfvita um leyfi. Hann sagðist ekki láta hrekja sig frá sjónvarpinu á laugardagskvöldi.“

„Nú? Hefur hann tekið völdin á heimilinu? Aldrei lét Gulla mig komast upp með það.“

„Mamma er bara orðin mamma hans. Hann er krakkinn hennar og ræður öllu. Hvað segirðu, pabbi? Þú ert okkar eina von.“

Það lifnar rétt aðeins yfir mér. „Ja, fyrst mömmurnar og gaurarnir þeirra láta svona og ég er bjartasta vonin, þá segi ég bara veskú. En þið verðið að ganga vel um, passa upp á kristalinn minn, postulínið, málverkin og antíkmublurnar.“

„Hahaha. Við skiljum við höllina tótallí glansandi. Takk, pabbi. Þú ert frábær.“

„Ég get lifað með þeirri einkunn,“ segi ég og meina það. „Hræddur er ég um að mamma þín tæki ekki undir hana.“

„Hún þekkir þig ekki eins og þú ert. Eftir að þú hættir að drekka. Hættir að leika töffara.“

„Ekki heldur Rúna.“

Hún hlær. „Ég er ekkert viss um að þú sért góður kærasti. Það er allt annað.“

„Einmitt, Gunnsa mín. En ókei, þið haldið partí.“

Hrollvekjandi endurminning um eina skiptið sem ég gat rekið gömlu hjónin að heiman til að halda menntaskólapartí á heimili okkar í Hlíðunum gufar skjótt upp við tilhugsunina um að vera frábær. Kjallaraholan mín í Þingholtunum er hvort sem er í rúst, þannig lagað. Ég þarf að muna að hringja í Sólveigu gömlu á hæðinni fyrir ofan og vara hana við yfirvofandi fárviðri.

Ég slæ inn nokkra stafi á lyklaborðið en svo fallast mér hendur. Ekki minnist ég þess að hafa áður verið sagður frábær. Góð frétt hjá þér. Flott skúbb. Þú ert ekki beinlínis leiðinlegur.

En frábær?

Bara aldrei.

Tölvuskjárinn speglar mann sem brosir út að eyrum. Hann ætlar sér að halda því áfram.

En í dag fer flest á annan veg en ég ætla.

„Einar minn, þetta þarf að gerast í fyrramálið.“

Ég hafði möglað og strögglað. Reynt að útmála andlát bréfberans sem mikilvægt sölustoff sem þyrfti að fara í strax af fullum krafti. Samt vissi ég náttúrlega að það þjónaði engum tilgangi. Þegar ritstjórinn segir „Einar minn“ er slagurinn ávallt tapaður. Einu sinni enn þarf ég að horfast í augu við þá staðreynd að ég stjórna ekki veröldinni, tímanum, gangi himintungla, ríkisvaldinu, bönkunum, mannfólkinu í kringum mig og varla sjálfum mér.

„Getur ekki Guffi tekið helvítis viðtalið?“ hafði ég sagt við Hannes í símann. „Hann er miklu betur inni í viðskiptalífinu, hruni, kreppu og öllum djöfulganginum.“

„Með fullri virðingu fyrir Guffa er hann einmitt allt of vel inni í þessum málaflokkum. Eða málaflokki, skulum við frekar segja. Hann er viðskiptafréttamaður með öllum kostum þess og göllum. Þar fyrir utan er hann önnum kafinn við að aðstoða mig við fréttastjórnina þar til við finnum framtíðarlausn á þeim málum. En þetta viðtal á ekki og má ekki vera viðskiptalegs eðlis.“

Tveimur tímum seinna sitjum við hvor gegn öðrum í aðalstöðvum Síðdegisblaðsins í Reykjavík. Hann smellir rauðum axlaböndum til áhersluauka og skellir löngum leggjum upp á gamla útskorna skrifborðið sitt. „Við viljum persónuviðtal. Hreinskilna reynslusögu eins af aðalleikendunum í þeirri refskák sem rústaði samfélaginu. Manns sem gerði margt gott en gerði það ævintýralega illa. Það er spennandi þversögn.“

Í flugvélinni á leiðinni suður hafði ég þambað kók og troðið í mig tyggjói til að reyna að eyða óbragðinu. Persónulegt viðtal við Ölver Margrétarson Steinsson er um það bil það seinasta sem mig langar til að gera í blaðamennsku. Ekki aðeins vegna þess að eftir hann er sviðin jörð gjaldþrota og skulda upp á tugi, ef ekki hundruð milljarða sem lenda á lánardrottnum og að lokum skattborgurum eftir hrunið. Ekki aðeins vegna þess að hann var einn þeirra sem vildu gleypa allt landið og helst allan heiminn án þess að eiga fyrir því. Og ekki aðeins vegna þess að helvítis maðurinn keypti helminginn í útgáfufélagi Síðdegisblaðsins fyrir nokkrum árum, tróð uppskafningnum Trausta Löve í stöðu fréttastjóra, í stað Ásbjörns greysins, og hugðist gera hann að ritstjóra eftir að hafa bolað Hannesi burt.

Nei, mér finnst Ölver einfaldlega fremur ógeðug manneskja. Kannski eru það fordómar. Ég hef aðeins einu sinni hitt manninn. Það var í hanastélsfagnaði blaðsins eftir kaup Ölvers á eignarhlutnum. Ég var nokkuð við skál til að lifa gleðina af. Eftir að Hannes hafði kynnt okkur leyfði ég mér að fara misjafnlega vel völdum háðsyrðum um íslenska athafnamenn. Það fór mest í taugarnar á mér að Ölver kinkaði kolli með umburðarlyndu brosi og sagði, áður en hann sneri sér annað, að líklega hefði ég rétt fyrir mér. Það fannst mér einkar glæsilegt dæmi veruleikafirringar. Þegar hann gekk burt tók ég eftir því að hann var með hundaskít fastan við hælinn á öðrum Gucci-skónum sínum. Þá talaði veruleikinn. Þetta er það eftirminnilegasta við fyrstu og einu kynni mín af Ölveri Margrétarsyni Steinssyni.

„Þú verður að athuga það," heldur Hannes áfram, „að þetta er skúbb. Ólíkt flestum ef ekki öllum helstu aðalpersónum hrunsins hefur Ölver ekki tjáð sig persónulega við fjölmiðla. Hann hefur reyndar alla tíð verið fjölmiðlafælinn."

„Fjölmiðlafælinn?" hvái ég. „Hann vill eiga fjölmiðla, ekki tala við þá."

Hannes stendur á fætur og strýkur löngu fallna vindlaösku af gallabuxunum. „Fyrir allan almenning er hann huldumaður. Það gerir viðtalið að forvitnilegu og fínu sölustoffi."

„Skítalyktina af þessu leggur langar leiðir, Hannes. Fyrir það fyrsta er maðurinn stærsti eigandi blaðsins. Bara þar liggur bullandi hagsmunaárekstur og fagleg nástaða fyrir okkur."

Árni Þórarinsson starfaði árum saman sem blaða- og fjölmiðlamaður, var meðal annars ritstjóri *Mannlífs* og blaðamaður á *Morgunblaðinu*. *Morgunengill* er níunda skáldsaga hans.

Hverjir eru þínir uppáhaldshöfundar og/eða áhrifavaldar?

„Ég geri mér ekki sjálfur grein fyrir því undir hvaða áhrifum ég skrifa sakamálasögur, en sjálfsagt er maður ekki alveg edrú. Allt sem maður les, sér, heyrir og reynir í lífinu hefur einhver áhrif. En hvað varðar uppáhaldshöfunda hlýt ég að nefna þann höfund sem leiddi mér fyrir sjónir að krimmar geta verið góðar bókmenntir, Raymond Chandler, og þann höfund sem ég var að lesa þegar hugmynd að fyrsta krimmanum mínum vaknaði, Ross MacDonald.“

Hvað gerir góðan krimma að góðri bók í þínum huga?

„Það sem einkennir góðar skáldsögur yfirleitt er það sama og einkennir góða krimma: Áleitið efni, spennandi uppbygging, áhugaverðar persónur og umhverfi, skemmtilegur stíll. Sumsé, góð saga, vel sögð.“

★★★★½

Bjarni Brynjólfsson / Iceland Review (um *Sjöunda soninn*)

„Heillandi lesning, svört, eins og allar glæpasögur, mjög vel fléttuð, en sker sig úr fyrir hvassyrta frásögn aðalsöguhetjunnar.“

La Vanguardia (um *Tíma nornarinnar*)

„Besta íslenska glæpasagan 2005.“

Þröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins (um *Tíma nornarinnar*)

Hann er kominn aftur!





Detta mér nú allar loðnur úr dragnót!

IÐUNN
www.forlagid.is

Tinnabækurnar sívinsælu eru fáanlegar aftur í nýju broti

Rifjaðu upp kynnin við einn vinsælasta blaðasnáp allra tíma